

Ed.

235. Frumvarp til laga

[100. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 8 5. febr. 1951.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú vanrækir landsdrottinn, að dómi úttektarmanna, að fullnægja skyldum sínum samkvæmt ákvæðum laga þessara um nauðsynleg jarðarhús, og skal hann þá verða við beiðni leiguliða um veðleyfi fyrir láni í Byggingarsjóði eða Ræktunarsjóði Íslands til nauðsynlegra bygginga á jörðinni. Veðleyfið skal ná til lands og jarðarhúsa hinnar leigðu fasteignar. Landsdrottinn getur þó krafizt þess, að fyrir liggji yfirlýsing frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um, að hún ábyrgist, að lán það, er leiguliði tæki með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra bygginga á jörðinni, er úttektarmenn telja nauðsynlegar.

Landsdrottinn skal innan tveggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Að öðrum kosti skal landsdrottinn sæta 50—100 króna dagsektum, unz hann hefur fullnægt þeirri skyldu.

2. gr.

Í stað „kr. 3000.00“ í 54. gr. laganna komi: kr. 6000.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.